

Ed.

54. Nefndarálit

i málinu: Frumvarp til laga um breyting á 26. gr. 1. lið i lögum nr. 46, 16. nóvbr. 1907 um laun sóknarpresta.

Vér, sem h. efri deild kaus í nefnd til að ihuga og segja álit vort um frumvarp þetta, teljum það nauðsynlega réttarbót.

Eins og grein sú er orðuð, sem hér er farið fram á að breyta, veldur hún allmiklu misrétti milli sextugra presta. Eftir ákvæðum hennar geta sextugir prestar komist undir ákvæði prestalaunalaganna að því, er kemur til launabótar, þótt ekki vilji þeir ganga að þeim breytingum, sem löggin að öðru leyti mæla fyrir um og á geta komist. Aftur er sextugum prestum í þeim prestaköllum, þar sem engin breyting kemst á, þótt ekki sé þeim að kenna, heldur hindrunum, sem þeim eru ósjálfráðar, ekki orðið þessarar hlunninda aðnjótandi. Jafnaldrar þeirra, sem standa á móti breytingunni, fá launabót; þeir fá hana ekki, þótt þeir gjarna vilji ganga að breytingunni en sé það fyrirmunað. Úr þessu misrétti bætir frumvarpið með því að veita öllum sextugum prestum hin sömu hlunnindi, sem að eins nokkrir þeirra nú hafa, og þessi réttarbót er því sjálfsagðari, sem hér er alloftast um þá menn að ræða, sem hafa langa, en lítt launaða embættisþjónustu að baki sér.

Þar sem nú þessu er þannig varið og breyting þessi hefir auk þess mjög lítil útgjöld í för með sér, þá leggur nefndin það til að h. efri deild samþykki frumvarpið.

Orðalag frumvarpsins þykir nefndinni þó ekki alls kostar skýrt og vill bæta úr því með eftirfylgjandi breytingartillögu.

Þrjár síðustu málsgreinar frumvarpsins orðist þannig:

• Verði engar breytingar á sóknaskipun í prestakalli samkv. prestakall-skipunarlögunum, þá má presturinn kjósa um að fá launaupphæðina eftir eldri reglunum, eða eftir lögum þessum. Sama rétt hafa prestar í þeim prestaköllum, þar sem kostur er á að koma þegar á breytingum, sem fyrir er mælt í lögnum, gangi presturinn að þeim breytingum. Ennfremur hafa allir prestar þennan rétt, sem orðnir eru 60 ára að aldri.

Alþingi 23. febrúar 1909.

Sigurðar Stefánsson, Eiríkur Briem, Jens Pálsson.
skrifari og framsögumaður. formaður.
Steingrímur Jónsson. Jósef Björnsson.